



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 30. apríl 2024
2402387/100.06 IA

Efni: Skuldabréfaútboð Kópavogsbæjar 2024

Tillaga:

Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi heimild til bæjarstjóra:

Að gefa út nýjan skuldabréfaflokk Kópavogsbæjar, KOP24-1 sem er opinn og með engri hámarksstærð. Flokkurinn verði til 31 árs (lokagjalddagi 2055), með tvo gjalddaga á ári. Vextir taki mið af markaðsaðstæðum þegar flokkurinn er stofnaður. Bæjarstjórn samþykkir að á árinu 2024 verði gefin út skuldabréf í þessum flokki að markaðsvirði allt að kr. 4.300 milljónir, í samræmi við fjárhagsáætlun ársins 2024. Útboð flokksins verði með Hollenskri aðferð¹. Frekari stækkun skuldabréfaflokksins fer eftir ákvörðun bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Jafnframt er Ásdísi Kristjánsdóttir kt. 280978-3459 og/eða Ingólfi Arnarsyni kt. 050656-3149, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Kópavogsbæjar að undirrita lánssamninga í tengslum við útboð skuldabréfaflokksins sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Bæjarstjórn samþykkir einnig heimild til tímabundinnar hækkunar á lánalínum bæjarins hjá Aríon ef með þarf, á meðan á sölu skuldabréfanna stendur.

Greinagerð:

Í fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2024 var gert ráð fyrir langtíma lántöku að fjárhæð fjögurpúsund og þrjúhundruð milljónir króna til framkvæmda og til að endurfjármagna eldri lán sem tekin voru til að lækka vaxtabyrði bæjarins. Leitað var til áhugasamra fjármálafyrirtækja og gerð verð- og þjónustukönnun á meðal þeirra. Niðurstaðan var sú að velja Aríon til að sjá um verkið.

¹ Hollenskt uppboð þýðir að „verðbil er gefið upp fyrirfram og útboðsgengi ákvarðað eftirá, byggt á eftirspurn. Hlutfallslegur niðurskurður er mögulegur fyrir þá sem bjóða útboðsgengi en enginn niðurskurður er vanalega fyrir þá sem bjóða herra en útboðsverð. Allir fjárfestar fá sama útboðsverð sama hvað þeir bjóða“ (Almenn hlutafjárútboð, lokaverkefni, Þórarinn Óli Ólafsson, HÍ 09-2016). Hærra útboðsverð þýðir lægri ávöxtunarkrafa.



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Við útgáfu þess skuldabréfaflokks sem Kópavogsbær er nú að stofna var ákveðið að hafa flokkinn opinn, sem þýðir að hægt er með einföldum hætti að stækka hann með útgáfu skuldabréfa í sama flokki. Þannig nýtist áfram skráningin í Kauphöll, í verðbréfaskráningu og útboðslýsingin að mestu. Þetta er gert svo Kópavogsbær geti í náginni framtíð, verið undirbúinn til að afla sér viðbótar fjármagns með skömmum fyrirvara. Um stækkun flokksins fer hinsvegar eins og um aðrar lántökur: Bæjarstjórn eða bæjarráð verða að samþykkja stækkunina eins og hverja aðra lántöku bæjarfélagsins. Fyrirkomulag þessa skuldabréfaflokks er með sambærilegum hætti og við flokk KOP10 sem gefinn var úr á árinu 2010 og KOP15 sem gefinn var út 2015 og stækkaður 2019.

Virðingarfyllt,

Ingólfur Arnarson
Fjármálastjóri

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026